



Gunnar Felixson í návígi við Lawrence markvörð, sem tókst að bægja hættunni frá. (Ljósmynd Tíminn)

Bikarkeppni K.S.Í.

ÍBV vann með odda-markinu af sautján!

Vestmannaeyingar mættu b-liði Akraness í Bikarkeppni KSÍ á grasvöllinum í Vestmannaeyjum um helgina. Áhorfendur að leiknum, sem voru allmargir, urðu vitni að óvenjulegum úrslitum, en hvorki meira né minna en 17 mörk voru skorud — og unnu Vestmannaeyingar leikinn með 9 : 8!

Eins og gefur að skilja, var mikil spennan í leiknum, en aldrei skildu meira en tvö mörk á milli. Vestmannaeyingar tóku forystuna snemma í leiknum með tveimur mörkum, en fyrir hlé tókst Skagamönnum, með hinn gamalkunna knattspyrnumann, Þórð Þórðarson, í broddi fylkingar að jafna stöðuna, sem í hálfleik var 6 : 6!

Í síðari hálfleik náðu Vestmannaeyingar snemma frumkvæðinu og tókst að sigra með 9 : 8, eins og fyrr segir, og réði mestu um, að þeir höfðu meira úthald en Skagamenn.

Fyrstu Íslandsmeistarar Í.B.V.

— K.R. varð Íslandsmeistari í þriðja flokki

Vestmannaeyingar hlutu sína fyrstu Íslandsmeistara í knattspyrnu, þegar 4. flokkur þeirra sigraði Val í úrslitaleik á Melavellinum á laugardag með 5 : 2. Þessi úrslit komu nokkuð á óvart, en hinir ungu Vestmannaeyingar verðskulduðu fyllilega að sigra — og í liði þeirra eru margir bráðefnilegir knattspyrnumenn.

Á föstudagskvöld fór fram úrslitaleikur í Íslandsmóti 3. flokks milli KR og Vals. Svo fóru leikar, að KR sigraði með 2 : 0 eftir jafna viðureign. Fyrra mark KR skoraði Magnús Sverrisson en síðara markið var sjálfsmark.

„Við vinnum með sama mun heima“

sagði William Stevenson, vinstri framvörður Liverpool

Hsím. Reykjavík.

Þrátt fyrir stórt tap í fyrsta leik okkar í Evrópubikarkeppninni, var enginn sorgarsvipur á leikmönnum KR, þegar ég lagði leið mína í búningsherbergi KR-inga eftir leikina í gærkvöldi. Að vísu voru leikmenn KR ekki farnir að hugsa um síðari leikinn á Anfield Road í Liverpool, en hætt er við að Liverpool-vélin fari þá enn betur í gang. En heyrum hvað leikmenn sögðu:



Ellert Schram, fyrirliði KR. — Þetta fór ekkert verr en ég bjóst við, og það var gaman að mæta slíkum leikmönnum sem þeim í Liverpool. Liðið er skipað mjög jöfnum leikmönnum, en þó virtist mér Thomposn bestur. Það gekk vel hjá okkur í vörninni í f.h., en erfitt var að ráða við hraðann, allan leikinn. Já, ég gerði mér vonir um, að knötturinn hafnaði í netinu, þegar ég skallaði á markið. Knötturinn virtist vera að fara yfir marklínuna, þegar bakvörðurinn spyrti frá. Nei, ég er ekki farinn að hugsa um seinni leikinn, það hefur verið nóg að hugsa um þennan hingað til.

Sveinn Jónsson, hægri innherji. „Já, þetta eru langbestu leikmenn, sem ég hef leikið á móti. Hraði þeirra var gífurlegur, þegar þeir beittu honum. Það er erfitt fyrir leikmann, að segja hver



þeirra hafi verið bestur, en allir leikmenn Liverpool virtust ráða yfir svipaðri leiktækni.“

Hörður Felixson, miðvörður: „Ég verð nú að segja eins og er, að þau voru flest með heppnismarki þessi mörk, sem þeir skorðu. Að vísu áttu þeir oft góð



tækifæri, sem þeir misnotuðu, en það munaði líka mjög litlu að okkur tækist að bjarga þremur markanna. En það þýðir ekki um það að fást. Leikmenn Liverpool eru mjög góðir, og ég kvíði fyrir síðari leiknum.



Hreiðar Arsæls-son: bakvörður. „Ég hef aldrei leikið á móti betri manni en þessum Thomposn og framan af vissi ég raunverulega ekki hvernig hann fór fram hjá mér, hann virtist geta allt, enda kannski við því að búast, þar sem þetta er beztu maður enska landsliðsins. Ég fékk að breyta til í s. h. og vék þá ekki frá honum, og þá fannst mér það ganga mun betur.“



Stevenson, framvörður Liverpool. „Þetta var mjög skemmtilegur leikur og við vinnum með sama mun heima og í kvöld. Sem

sagt, ég spái aftur 5-0. Völlurinn var ágætur og leikurinn mjög þrúðmannlega leikinn, óvenjulega þrúður. Hann varði nokkrum sinnum um mjög vel, markmaðurinn ykkar m. a. tvö skot frá mér, en annars fannst mér hægri bakvörðurinn ykkar bestur (Hreiðar) og vörnin var yfirleitt mjög sterk. Já, við lékum við West Ham á laugardaginn og varð jafntefli 2-2. En við vorum líka tíu mest allan leikinn. Miðherjinn okkar, Arrow Smith, var borinn út af eftir að eins 10 mín. og gat því ekki leikið í kvöld. Þetta var slæmt fyrir okkur. Við höfum nú engan miðherja, því St. John, landsliðsmiðherji Skotlands, er veikur.



Björgvin Schram, formaður KSÍ: — Jú, mér finnst sjálfsagt fyrir okkur að taka þátt í Evrópukeppninni, og hefði jafnvel verið tímabært fyrr. En sú áhætta fylgir alltaf að lenda á móti þrautæfðum atvinnumönnum eins og í kvöld, en þá áhættu verður að taka. Liverpool er áreiðanlega eitt af fjórum bestu liðunum í keppninni og gegn veikari mótherjum hefðum við auðvitað sloppið betur. Og fjárhagslegur ávinningur hefur verið mikill af þessum leik fyrir KR — þetta gerir félaginu t. d. kleift að ráða til sín þjálfara, jafnvel allt árið.“

Valbjörn varð Íslandsmeistari í 7 greinum

Aðahluti meistaramóts Íslands í frjálsum íþróttum fór fram á laugardag og sunnudag. Keppni var skemmtileg og tvísýn í mörgum greinum. Valbjörn Þorláksson varð sjöfaldur Íslandsmeistari, sigraði í 5 einstaklingsgreinum — og var með sveitum KR, sem sigruðu í boðhlaupunum.

Í 100 m. hlaupi sigraði Valbjörn á 10.8 sek. Í 200 m. hlaupi



Valbjörn kemur fyrstur í mark í 400 m. grindahlaupinu.

(Ljósmynd Páll Eiríksson)

sigraði hann á 22.3 sek. Í 110 m. grindahlaupi sigraði hann á 15.1 sek. — og í 400 m. grindahlaupi á 58.8 sek. Í stangarstökki sigraði Valbjörn, stökk 4.30 metra. Boðhlaupssveitir KR sigruðu í 4x100 m. á 43.6 sek. — og í 4x400 m. á 3:32.3 mín.

Í 400 m. hlaupi sigraði Ólafur Guðmundsson á 51.0 sek. Í 800 m. hlaupi sigraði Halldór Guðbjörnsson á 1:59.7 mín. Í 1500 m. hlaupi sigraði Kristleifur Guðbjörnsson á 4:05.6 mín. Í 5000 m. hlaupi sigraði Kristleifur á 15:46.8 mín. Guðmundur Hermannsson sigraði í kúluvarpi, varp aði 15.94 m. Kristján Stefánsson sigraði í spjótkaсти, kastaði 61.86 m. Þórður B. Sigurðsson sigraði í sleggjukasti, kastaði 49.45 m. Þorsteinn Löve sigraði í kringlukasti, kastaði 46.56 m. Í langstökki sigraði Úlfar Teitsson, stökk 6.79 m. Í þristökki sigraði Karl Stefánsson, stökk 14.12 m.